

Fyrirspurn

til heilbrigðisráðherra um verkjastillingu einstaklinga með endómetríósu.

Frá Gísla Rafni Ólafssyni.

- Hvenær var ákvörðun tekin um að takmarka aðgang einstaklinga með endómetríósu að verkjastillingu með stungulyfjum á kvennadeild Landspítalans?
- Hvaða gögn liggja að baki ákvörðun kvennadeildar Landspítalans að takmarka aðgang einstaklinga með endómetríósu að stungulyfjum?
- Gætir mismununar á milli sjúkdómsgreininga hvað varðar stungulyf á kvennadeild Landspítalans?
- Var haft samráð við helstu hagsmunaaðila, svo sem Endósamötökin, vegna ákvörðunarinnar?
- Hvaða þjónustu og verkjastillingu er sjúklingum með endómetríósu boðin í stað stungulyfja eftir að ákvörðun var tekin um að takmarka aðgang þeirra að lyfjunum?

Skriflegt svar óskast.